

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

9. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, mánudaginn, 17. mars 2008 kl. 13.30.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson.

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaform. og Rósa Guðbjartsdóttir.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eypór R. Þórhallsson.

Mosfellsbær:

Seltjarnarnes: Ólafur Egilsson.

Álftanes:

Kjósarhreppur: Sigurbjörn Hjaltason.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors.

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson, Birgir H. Sigurðsson og Geir Marelsson

Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, Haraldur Sigurðsson, Reykjavík og

Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 8. fundar frá 10. mars sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Tillaga að verulegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna Vatnsendahlíðar í Kópavogi.** Í samræmi við ákvörðun ráðherra í bréfi dags. 11. mars 2008 samþykkir samvinnunefndin að tillaga að breytingu á svæðisskipulagi fyrir Vatnsendahlíð í Kópavogi hljóti afgreiðslu sem veruleg breyting á svæðisskipulagi skv. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og verði kynnt og auglýst í samræmi við 13. gr. 1.-3. mgr. skipulags- og byggingarlaga. Nefndin leggur til að kynningarfundur verði haldinn þann 27. mars n.k. kl. 19.30 í Lindarskóla. Í auglýsingu skal kveðið á um að athugasemdafrestur skuli vera 6 vikur og skulu athugasemdir berast innan þess tíma.
3. **Suður –Mjódd, Reykjavík. Breyting á svæðisskipulagi.** Kynnt drög að tillögu. Samþykkt að líta megi á þessa breytingu sem óverulega. Tillagan verður send sveitarfélögunum til kynningar í samræmi við 14. gr. 2. mgr. skipulags- og byggingarlaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.35.